


**Mál: Fjallkonuvegur 1, byggingaleyfisumsókn**

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júní 2023 þar sem sótt er um leyfi fyrir spenn- og rofastöð á lóð nr. 1 við Fjallkonuveg.

**Skipulagsleg staða:**

Lóðin sem um ræðir er skilgreind sem verslun og þjónusta (VP41) samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Deiliskipulag er í gildi frá 1984.

**Fyrirspurn**

Sótt er um leyfi fyrir spenn og rofastöð inn á lóð Fjallkonuvegur 1. Stærð byggingar er 7,5 m<sup>2</sup>. Hæð byggingar er 2.36m. Veggir og þak úr stálgrind sem klæðist málmklæðningu í dökkum lit.

**Umsögn:**

Samkvæmt afstöðumynd er fyrirhuguð spennistöð staðsett í norðvestur horni lóðar. Erindið er ekki í samræmi við skilmála gildandi deiliskipulags en þar sem hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varði landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn, sbr. 3. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010, er lagt til að veita undanþágu frá breytingu á deiliskipulagi.

**Niðurstaða:**

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur  
Hrönn Valdimarsdóttir